

Verkefnisstjórn landsáætlunar í landgræðslu

Reykjavík, 14. Júní 2021

Efni: Drög að landgræðsluáætlun - athugasemdir frá stjórn Landverndar

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér drög að landgræðsluáætlun.

Um er að ræða gagnlega lýsingu stöðu gróður- og jarðvegsverndar á tækifærum og leiðum til að efla landgræðslu á Íslandi.

Stöðumatið sýnir að landgræðsluverkefnið, þrátt fyrir á margan hátt ágætan árangur undanfarna ártugi, er bæði umfangsmikið og mikilvægt.

Heildarsýn

Stjórn Landverndar hefur nýlega kynnt sér drög að skógræktaráætlun sem er önnur hlið á gróður- og jarðvegsvernd. Stjórnin telur að það yrði til bóta ef hægt væri að fá heildarsýn á endurheimt náttúrugæða með landgræðslu og skógrækt annarsvegar og verndun landslags, náttúru og lífbreytileika hins vegar. Hætt er við að heildarsýn glatist þegar þessir mikilvægu þættir eru ekki samtvinnaðir í eina heildarsýn. Hér er ekki við verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt eða landgræðslu að sakast, heldur hvernig viðfangsefninu hefur verið uppskipt af löggjafanum.

Lausaganga búfjár

Stjórn Landverndar vill vekja athygli á nýrri skýrslu sem samtökin hafa látið taka saman um þau lög sem gilda um búfjárhald¹. Löggjöfin gerir landeigendum erfitt fyrir að verja land sitt gegn ágangi sauðfjár. Má segja að sauðfjáreigendur hafi í raun rétt til að beita fé sínu í einkalönd annarra, jafnvel þó viðkomandi eigendur vilja nýta það til annars eða uppgræðslu. Það er löngu tímabært að breyta þessar löggjöf og færa hana nær því sem gildir almennt í löndum sem Ísland ber sig saman við.

Í nýlegu álit Samgöngu- og sveitarstjórnararáðuneytisins (í máli nr. SRN20070003, dagsett 2. júní 2021) segir m.a. „Ber umráðamönnum lands að tilkynna sveitarfélagi um hið friðaða svæði, tryggja að vörslulínur séu fullnægjandi að mati búnaðarsambands og skal ákvörðunin tilkynnt í Stjórnartíðindum. Komist búfénaður inn á hið friðaða svæði ber umráðamanni lands að ábyrgjast handsömun og vörslu þess.“. Þetta eru augljóslega verulega íþyngjandi ákvæði fyrir alla sem vilja stunda ræktun eða endurheimt landgæða með friðun fyrir beit. Ráðuneytið telur einnig að ekki sé samræmi í ákvæðum núgildandi laga og hvetur til að þetta verði lagfært.

¹ [Vörsluskylda búfjár – Ný skýrsla Landverndar - Landvernd](#)

Stjórn Landverndar telur að takmörkun á lausagöngu búfjár sé svo mikilvægur þáttur í endurheimt landgæða að þetta sé atriði sem þurfi að taka betur á í landgræðsluáætlun. Í skýrslu Landverndar² eru tillögur um hvernig hægt er að breyta lögum þannig að lausaganga búfjár verði stöðvuð og vörsluskylda gerð að meginreglu, en þá er gerð krafa um að eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis.

Hálendi Íslands

Á hálendi Ísland er gróður afar viðkvæmur og vaxtartími stuttur, sérstaklega á svæðum sem eru yfir 600 m.y.s. Nokkuð hefur dregið úr beitarálagi á þessum svæðum undanfarna áratugi. En beit viðgengst þó enn víða og telur stjórn Landverndar það afar varhugavert. Stjórn Landvernd leggur til að beit í þessari hæð verði algjörlega aflögð með samkomulagi eða bönnuð með lögum. Að lágmarki verða beitarsvæði í þessari miklu hæð undir sérstöku eftirliti og áhrif beitar á framvindu gróðurs þar metin reglulega. Ef mat sýnir takmarkaða framför eða afturför verði sviðkomandi svæðið algjörlega friðað fyrir beit.

Vistheimt

Landvernd fagnar þeirri áherslu sem lögð er á vistheimt sem aðferð til að endurheimta jarðveg- og gróður. Vistheimt er tímafrek og er í vissum tilfellum erfið í framkvæmd. En þar sem hún gagnast er hún aðferð sem stuðlar að líffjölbreytni. Landvernd stóð nýlega að viðburði til að marka upphafa ártugar vistheimtar og upptöku að honum fá finna á Fésbókarsíðu samtakanna³.

Framandi ágengar tegundir

Stjórn Landverndar minnir á ákvæði náttúruverndarlaga um innflutning og drefingu á framandi ágengum tegundum. Nokkuð vel er fjallað um þetta atriði í drögum að landsgræðsluáætlun.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

² <https://landvernd.is/vorsluskylda-bufjar-ny-skyrsla-landverndar/>

³ <https://www.facebook.com/88342113892/videos/1438675979826354>